



Beiðni Tækniminjasafns Austurlands um fastan rekstrarstyrk til þriggja ára 2022-2024

Ár 3 af 3

Í umsókn þessari er sótt um rekstrarframlag að upphæð 25 milljónir fyrir árið 2024, lokahnykkinn á þriggja ára rekstrarframlagi ríkissjóðs í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði í desember 2020. Skriðurnar höfðu óafturkræf áhrif á starfsemi og rekstrarumhverfi Tækniminjasafnsins.

Óhætt er að segja að rekstrarframlagið hafið verið og sé algjört grundvallaratriði fyrir þá vinnu sem þarf til að hægt verða að opna safnið aftur sem fyrst á nýjum stað.

Rekstrarframlag ríkisins á yfirstandandi ári var grunnforsenda fyrir því að safnið gæti haldið áfram uppbyggingarfasa sínum, án þess hefði lítið verið hægt að gera og starfsmannafjöldi verið í lágmarki.

Helstu punktar er varða stöðu Tækniminjasafns Austurlands í árslok 2023:

Síðustu tæp þrjú ár hefur grettistaki verið lyft í björgun muna og safnkosts og unnið hefur verið hörðum höndum að endurreisn Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði. Stefnumótun er lokið og hún höfð til hliðsjónar við uppbyggingarstarfið.

Safnkostur – nýtt varðveisluhúsnaði, skráningarátak framundan

- Búið er að festa kaup á viðunandi varðveisluhúsnaði sem uppfyllir kröfur sem þarf til varðveislu muna.
- Safnkostur hefur verið fluttur þangað úr bráðabirgðageymsluhúsnaði sem uppfyllti engan veginn kröfur Safnaráðs um varðveislu safnmuna.
- Umtalsverð vinna við skráningu er framundan.

Nýtt safnasvæði undirbúið – hönnun og endurbygging Angró

- Hönnun á nýju safnasvæði á öruggum stað í bænum er langt á veg komið. Þar mun bryggjuhúsið Angró verða endurreist auk nýbyggingar.
- Bryggjuhúsið Angró, sögufrægt hús sem Otto Wathne lét reisa undir starfsemi sína og sem íverustað árið 1884, er eitt af þeim þremur húsum sem á að flytja af Búðareyrinni. Altjón á húsinu varð í september 2022 í miklu hvassviðri, en áður hafði það skemmt mikið þegar flóðbylgja skall á því þegar gríðarleg aurskriðan ruddist í sjó fram. Húsið var tekið niður og mikil vinna hefur farið í flokkun á efniviðum hússins, hvað megi nýta og hvað ekki við endurbyggingu hússins.
- Samningar um framlög ríkisins til endurbyggingar Angró eru á lokastigi, um 150 milljónir munu fylgja með húsinu auk 22 milljóna króna greiðslu frá sveitarfélaginu.

Vélsmiðjan – endurbætur og ný sýning

- Endurbætur hafa verið gerðar á Vélsmiðjunni en hún skemmdist mikið í skriðunni.
- Sýningin, *Búðareyrin – saga umbreytinga* opnaði sumarið 2023 og hefur hlotið góðar viðtökur. Var það mikilvægur áfangi, nú tekur safnið aftur á móti gestum. Vélsmiðjan er hins vegar staðsett á þeim hluta Búðareyrarinnar sem ekki verður varinn, þar er viðvarandi ofanflóðahætta og því eru engir eiginlegir safngripir á sýningunni. Þar af leiðandi getur hún ekki nýst sem framtíðarhúsnaði safnsins.
- Töluverður fjöldi hópa af skemmtiferðaskipafarþegum hefur þegar boðað komu sína á sýninguna árið 2023.

Hér á eftir verður farið yfir stöðu safnsins í dag, hvað hefur áunnist og hvað er áformað auk þess sem farið er yfir rekstrarforsendur næsta árs. Um er að ræða þriðja árið sem safnið telur nauðsynlegt að fá fjárveitingu svo hægt sé að endurreisa safnið.

Bent er á að safnið hefur takmarkað aðgengi að fjármagni sökum þess að verkefnið um endurreisn og uppbyggingu safnsins telst ekki fela í sér nýnæmi.

Almennir sjóðir sem og opinberir takmarka því margir styrkveitingar til uppbyggingar.



ENDURREISN

TÆKNIMINJASAFNS AUSTURLANDS

SAMFÉLAGIÐ GRÆR

3 ÁRA ÁÆTLUN 2022 – 2024

UPPFÆRÐ Í OKTÓBER 2023

SAFN

HUGTAKIÐ SAFN ER NOTAÐ Í ÞEIRRI MERKINGU
AÐ ÞAÐ SÉ *STOFNUN*
EÐA *STAÐUR*
SEM VELUR,
RANNSAKAR
OG HEFUR TIL SÝNIS
EFNISLEG OG ÓEFNISLEG UMMERKI MANNSINS
OG UMHVERFI HANS.

INNIHALD

Endurreisn Tækniminjasafns Austurlands	6
Inngangur.....	6
Um safnið fyrir skriðu	7
Safnið lendir í aurskirðu.....	7
Ný stefna samþykkt 2022	8
Viðskiptaáætlun.....	8
Sýningar	9
Útigallerí	10
Vörður.....	10
Stafræn miðlun	10
Húsnæðismál safnsins	11
Varðveisluhúsnæði	11
Nýtt safnasvæði – Angró.....	11
Rekstraráætlun 2024	12
Starfsmannamál.....	12
Fjármál	13

ENDURREISN TÆKNIMINJASAFNS AUSTURLANDS

Inngangur

Árið 2023 var viðburðaríkt í starfi Tækniminjasafns Austurlands.



- Nýtt varðveisluhúsnæði var tekið í notkun,
- Ný og glæsileg sýning í viðgerðri Vélsmiðju var opnuð.
- Undirbúningur og hönnun fyrir framkvæmdir við endurreisn bryggjuhússins Angrós og nýtt safnahúsnæði á nýju svæði í bænum og fjármögnun þeirra framkvæmda er vel á veg komin.

Hér á eftir er farið yfir starfsemi safnsins sem má segja að sé mjög kröftug á þriðja ári frá skriðuföllum. Er það ekki síst að þakka öflugu teymi starfsmanna og miklum velvilja og stuðningi samfélags, hins opinbera og ýmissa styrktarsjóða sem leitað hefur verið til.

Þó er mikilvægt að muna að við stöndum enn út í miðri á, eftir er mikið uppbyggingarstarf til að koma þaki yfir höfuðið á safninu á öruggum stað í bænum og tryggja að þar verði kröftugt metnaðarfullt og fjölbreytt safnastarf auk þess sem enn er mikið verk óunnið er varðar skráningu og utanumhald safnkostsins.

Þetta gerist ekki nema að grunnrekstur safnsins sé áfram tryggður með aðkomu sveitarfélags og ríkis meðan á uppbyggingarfasanum stendur.

Tækifærin eru hins vegar fjölmörg og er stefnan sett á að nýtt og endurreist safn verði flaggskip í austfirskri safnastarfsemi og menningartengdri ferðaþjónustu sem samfélagið allt getur verið stolt af. Við ætlum að starfrækja lífandi safn með fjölbreyttum sýningum, viðburðum, verkstæðum og vinnustofum, sem verður ómissandi viðkomustaður gesta Seyðisfjarðar í framtíðinni, en um leið í nánu sambandi og samtali við heimamenn.

Samfélagið grær – 3 ára áætlun fyrir árin 2022-2024 er lífandi skjal sem hefur nú verið uppfært í samræmi við framgang verkefnisins.

Um safnið fyrir skriðu

Tæknimínjasafn Austurlands var formlega stofnað árið 1984 en fyrsta sýning þess var opnuð á 100 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1995.

Það fjallaði um þann hluta Íslandssögunnar sem snýr að tæknivæðingu landsins frá um 1880 til dagsins í dag. Það var þó ekki fyrir en árið 2001 sem ráðinn var forstöðumaður til safnsins í fullt starf. Fékk safnið staðfestingu Safnaráðs sem viðurkennt safn árið 2014 og þá staðfesti Safnaráð stofnskrá með auglýsingu í Stjórnartíðindum þann 5. júlí 2018.¹



Markmið safnsins var að safna, varðveita, skrá og sýna verkkunnáttu, muni, minjar og frásagnir sem hafa gildi fyrir sögu tæknipróunar á starfssvæðinu. Tæknimínjasafnið sýndi hvernig tæknibreytingar sem snúa að véltækni, rafmagni, fjarskiptum, samgöngum og byggingalist voru samofnar breytingum á lífnaðarháttum og umhverfi. Safnið var staðsett á svokallaðri Wathnestorfu á Seyðisfirði en þar var að finna hús sem spila stór hlutverk í tæknimínjasögu landsins, meðal annars svokallað Wathneshús og Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar/Vélsmiðju Seyðisfjarðar.

Safnið lendir í aurskirðu

Það var um um miðjan dag þann 18. desember 2020, á myrkasta tíma ársins, að stærsta skriða sem fallið hefur á þéttbýli á Íslandi féll á Seyðisfirði. Skriðan féll í kjölfar fordæmalausrar rigningartíðar og féll hún meðal annars á safnasvæði Tæknimínjasafns Austurlands á Búðareyri.



Renniverkstæðið, Gamla Skipasmíðastöðin og elsti hluti Vjelasmiðjunnar gjöreyðilögðust, skemmdir urðu á Angró og skemmunni næst við það af völdum flóðbylgju sem skall á húsunum í kjölfar skriðunnar sem og öðrum hlutum Vjelasmiðjunnar. Mikill hluti sýninga og safnkosts safnsins hvarf í aurinn.

¹ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?recordID=cab1a261-f8c0-4f64-bd17-c7d9d983d44d>

Ljóst var að um eitt mesta tjón á íslenskum menningararfi var að ræða, enda eyðilögðust til viðbótar fjöldi húsa með mikið menningarsögulegt gildi.

Það er erfitt að lýsa með orðum því risavaxna og nær ófyrstíganlega verkefni sem blasti við í ársbyrjun 2021, flestar byggingar safnsins ónýtar eða skemmdar og yfirvofandi ógn um frekari skriðuföll mjög áþreifanleg.

Ný stefna samþykkt 2022

Yfirstandandi ár er fyrsta árið sem safnið vinnur eftir nýrri stefnu sem samþykkt var í árslok 2022. Er hún mikilvægt og nauðsynlegt verkfæri í þeim uppbyggingarfasa sem safnið er í. Stefnuna í heild sinni má sjá [hér](#). Stefnan er í þremur meginhlutum, söfnunarstefna, miðlunarstefna og innra starf. Sumum þáttum stefnunnar (s.s. safnfræðslu og að starfrækja verkstæði/fjölnotarými) verður ekki hægt að framfylgja að fullu á meðan á endurbyggingu stendur, en eru samt settir hér fram til að þjóna sem leiðarvísir fyrir framtíðarstarfsemi Tækniminjasafnsins.

Unnin hefur einnig verið varðveislu og grisjunarstefna sem sjá má [hér](#).

Safnið hefur auk þess, fyrst allra safna héraðs, fengið nemendur í HÍ til að vinna uppvinnslustefnu sem byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni, stefnuna má sjá [hér](#). Sú vinna byggir á auknum kröfum til safna og hefur skýrskotun til markmiða sett fram af ICOM – Alþjóðaráði safna. Hún fjallar um hvað gera skuli við gripi sem grisja á úr safnkosti, þar sem förgun er síðasta úrræðið.

Viðskiptaáætlun

Árið 2023 var einnig gerð viðskiptaáætlun fyrir safnið sem mun fylgja umsókn þessari. Ljóst er að safnið hefur mikla möguleika til þess að þróa hágæða vörur fyrir menningartengda ferðaþjónustu og tekjamöguleikarnir eru miklir, með nýrri staðsetningu safnsins við hlið einnar af stærri skemmtiferðaskipahöfnum landsins.

Nemandi í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, Heimir Freyr Hlökkversson, vann verkefnið sem hluti af námi sínu. Afraksturinn er greinargóð samantekt á stöðu safnsins og möguleikum þegar endurreisn þess verður lokið, mögulegum kostnaði við gerð nýrra grunnsýninga, markaðsgreining o.fl. Áætlunin er lifandi plagg sem nauðsynlegt er að breyta og aðlaga eftir stöðu mála og nýjum eða breyttum forsendum.



STEFNA

2022



Tækniminjasafn
Austurlands

SÝNINGAR

Stór og mikilvæg kaflaskil urðu í starfi Tæknimínjasafnsins þegar það opnaði sýningu í Vélsmiðjunni og opnaði þar með aftur dyr sínar fyrir gestum. Sýningin gerir starfsmönnum auk þess kleift að þróa efni til að taka á móti nemendahópum og öðru því sem telst vera mikilvægt í starfi safns sem vill skipta máli í sínu samfélagi.



Sýningin, sem er í og við Vélsmiðjuna, fjallar um hina fjölbreyttu og margbreytilegu sögu mannlífs og atvinnustarfsemi á þeirri litlu landræmu sem

Búðareyrin á Seyðisfirði er. Umbreytingar einkenna þessa sögu og framtíð Búðareyrarinnar í dag er í mikilli óvissu út af ofanflóðahættu. Umbreytingunum eru gerð skil í gegnum mismunandi þemu; höfninni, upphafi byggðarinnar, verslun og viðskiptum, Vélsmiðjunni, samskiptum og ritsímanum, hernámsárunum og að lokum náttúrufari og skriðuföllum.

Sýningin var opin frá 17. júní og til ágústloka alla daga vikunnar. Í september var opnunartíminn minnkaður og yfir vetrarmánuðina er hún opin samkvæmt samkomulagi og á sérstökum viðburðum, s.s. Haustroða og Dögum myrkurs.

Gestir sem heimsóttu sýninguna voru vel yfir þúsund og má kalla það frábæran árangur enda var sýningin lítið markaðssett þó hún hafi verið vel kynnt. Góð viðbrögð voru við sýningunni og er nú þegar búið að bóka fjölda af hópum skemmtiferðaskipafarþega sem munu sækja sýninguna heim á komandi ári.



Safnið hefur einnig tvær sýningar á Google Arts & Culture; „[Nútímavæðing Íslands með ritsímanum](https://artsandculture.google.com/exhibit/KwliclXXKD83LQ)“² og „[Strákurinn frá Djúpvaggi](https://artsandculture.google.com/exhibit/_gJSMZ8QQCYmIA)“³ um vélsmiðinn og frumkvöðulinn Jóhann Hansson.

² <https://artsandculture.google.com/exhibit/KwliclXXKD83LQ>

³ https://artsandculture.google.com/exhibit/_gJSMZ8QQCYmIA

ÚTIGALLERÍ

Á fyrirhuguðu safnasvæði er nú staðsett útigalleríið *Þá&nÚ* og stendur þar ljósmyndasýningin *The Landslide Project*, samstarfsverkefni safnsins og Ströndin Studio. Hún segir persónulegar sögur fólks sem varð fyrir margvíslegum áhrifum af skriðuföllum 2020. Ljósmyndirnar tóku þau Katja Goljat og Matjaž Ružt.

Staðsetning sýningarinnar við ferjuhöfnina gerir það að verkum að tugir þúsunda hafa skoðað sýninguna á þeim tíma sem hún hefur staðið uppi.

Ný sýning verður sett þar upp vorið 2024 í tenglum við kvenna- og kynjasöguþing sem haldið verður á Austurlandi í júní.



VÖRÐUR



Í samstarfi við Irma studio, lét safnið hanna og framleiða *Vörður*, strítlaga skúlptúr sem þjónar bæði sem upplýsingaskilti og bekkur til að setjast á.. *Vörður*nar mynda gönguleið frá ferjuhúsinu út að Vélsmiðju þar sem vissum þáttum úr óáþreifanlegum menningararfi seyðsfrisks samfélags er miðlað. Á vörðunum eru upplýsingaskilti sem fjalla um daglegt líf á Seyðisfirði út frá fjórum þeim; náttúrunni, samfélagi, árstíðum og æskunni. Þá eru á flestum þeirra QR kóðar með frekari upplýsingum eða viðbættum veruleiki (Augmented Reality tækni) s.s. fljótandi sólarpönnukökum eða perlum..

Litten Nystrøm og Haraldur Karlsson hönnuðu skiltin og viðbætur við vörðurnar í samstarfi við starfsfólk safnsins.

STAFRÆN MIÐLUN

Heimasíðan www.tekmus.is, sem sett var í loftið árið 2022, er í stöðugri þróun og uppfærslu. Áhersla er á að þar birtist fréttir en á síðunni megi jafnframt nálgast fróðleik og miðlun er tengjast starfssviði safnsins.

Rúmlega 2000 manns fylgja Facebook síðu safnsins og um 700 manns Instagramminu. Þetta er fólk af öllu landinu sem og erlendis frá. Það er því mikilvægt að halda þessum vettvangi til miðlunar virkum og áhugaverðum.

Húsnæðismál safnsins



Tækniminjasafnið missti mestan hluta síns húsnæðis við aurskriðuna og á nú í raun 2 hús; Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar, elsti hluti byggður árið 1906, elstu vélsmiðju landsins, og varðveisluhúsnæði utar í firðinum.

Á árinu 2022-3 var ráðist í endurbætur á Vélsmiðjunni og hefur hún nú endurnýjað hlutverk sitt sem sýningarstaður safnsins og þar er hægt að halda úti hefðbundnu safnastarfi um sinn. Mikilvægt er að ítreka að hún stendur á hættusvæði sem ekki verður varið og því eru engir safngripir geymdir eða sýndir í húsinu.

VARÐVEISLUHÚSNÆÐI

Keypt var varðveisluhúsnæði sem er gluggalaust rými með hitastýringu, renna er í gólfi eftir öllu húsnæðinu komi til þess að vatn komi inn, vinnuaðstaða fyrir starfsmenn er ásættanleg, bæði er kaffistofa sem og klósett. Aðstaðan er starfi safnsins gríðarlega mikilvæg enda liggja fyrir viðamikil verkefni er snúa að skráningu safnkosts sem og frekari hreinsun muna eftir aurskriðuna.

NÝTT SAFNASVÆÐI – ANGRÓ



Á árinu var unnið að hönnun vegna endurbyggingar Angró og nýbyggingu sem skal vera áföst við það og rísa mun á sk. Lónsleiru á Seyðisfirði.

Arkitektastofurnar Arkibbygg, Gingi Teiknistofa og Stúdíó Jæja ásamt verkfræðistofunni Verkráð voru fengnar til verksins. Að mörgu er að hyggja í þessu ferli; tryggja að Angró verði byggt þannig að það verði trútt upphaflega húsinu en um leið uppfylla skilyrði um burðarþol, brunavarnir og einangrun t.a.m. Um leið þarf að tryggja að halda kostnaði við byggingarframkvæmdir í lágmarki.

Sveitarfélagið vann að endurnýjun á deiliskipulagi á þessum hluta bæjarins og féll nýtt safnasvæði þar undir. Til stendur að gera samning við Múlaping og Minjastofnum um endurbyggingu Angró og mun ríkið koma að þeirri endurbyggingu með styrkveitingu upp á 150 milljónir.

Rekstraráætlun 2024

STARFSMANNAMÁL

Safnið hefur haft 3,8 heilsársstörf að jafnaði frá skriðuföllum, 4 starfmenn sinna föstum verkefnum, rekstri og uppbyggingu safnsins auk starfsfólks í sérstökum verkefnum sem telur um tæpt heilsársstarf. Safnstjórar eru Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir og Jónína Brynjólfsdóttir, hvor um sig í 50% stöðugildi.

Lióst er að áætluð uppbygging safnsins á nýrri lóð og endurbygging Angró tekur til sín gríðarlegan tíma starfsmanna og kallar á tryggn grunnrekstur til að tryggja að fjárfestingarfé safnsins fari ekki í launakostnað starfsmanna.



Áætluð störf og starfslýsingar	Hlutfall
Safnstjóri	100%
Rekstur Almennur rekstur, áætlanagerð / fjárhags-, launa-, starfsáætlanir. Rekstur húsnæðis og búnaðar. Styrkjaumsóknir og skýrslur. Greining á mögulegum sértekjum og öflun þeirra. Stjórnarfundir og verkefni stjórnar. Samskipti við Múlaþing / ríkið, tengslamyndun innan safnageirans, samstarf við stoðkerfi ferðaþjónustu.	
Fagleg ábyrgð Uppfylla skilyrði viðurkennds safns. Yfirumsjón með faglegu starfi og stefnumótun / framfylgd stefnu. Ábyrgð á safnkosti / sýningar og miðlun.	
Verkefnastjórn endurreisnar safnsins Ábyrgð á hönnun ytra svæðis og innra svæðis, hönnun sýninga og miðlunar, fjármögnun uppbyggingar.	
Samstarfsverkefni	
Safnvörður með áherslu á varðveislu	100%
Fara yfir muni og flokka þá í samræmi við leiðbeiningar og stefnur. Viðhald húsnæðis og búnaðar. Skráning muna sem eru óskráðir, muna sem verður fargað. Skráning í Sarp og afskráning.	
Safnvörður með áherslu á fræðslu og miðlun	100%
Markaðs - og kynningarmál / Almennatengsl og viðburðastjórn. Umsjá heimasíðu og samfélagsmiðla. Sýningar og sýningargerð. Samskipti við ferðaskrifstofur / sala til hópa. Fræðsla og gerð fræðsluefnis.	
Átaksverkefni	80%
Grisjun í samræmi við uppvinnslu- og förgunaráætlun, grunnskráning. Endurbygging Angró / undirbúningur húss og smíði glugga.	
Fjöldi starfa	3,8

FJÁRMÁL

Það er varla hægt annað en að undirstrika mikilvægi fjárframlags ríkis og sveitarfélags fyrir komandi á, r en ljóst er að ef ekki komi til rausnarlegra grunnrekstrarframlaga mun safnið ekki getað haldið áfram með þá miklu uppbyggingu sem nú er unnið hörðum höndum að.

Uppbygging á safni flokkast ekki sem nýsköpun né frumkvöðlastarf, það útilokar safnið frá mörgum styrkjakerfum og leiðum. Því er mikilvægt að grunnrekstur sé tryggður. Einnig er ljóst að á meðan uppbyggingarfasa stendur hefur safnið sáralítið svigrúm til tekjuöflunar.

Á árinu 2023 fengust til rekstrar um 25 milljónir, eftir beiðni til fjárlaganefndar fengust á fjárlögum 15 milljónir króna auk 10 milljóna frá Múlaþingi. Styrkjafé var stíft sótt og fengust eftirfarandi styrkir á árinu, alls 17 milljónir sem nýttir voru til að standa straum af þeim verkefnum sem þeir voru eyrnamerkir fyrir:

- Safnasjóður,
 - öndvegissstyrkur til tveggja ára, seinna ár. Fimm milljónir til úttekta, grisjunar og skráningu safngripa.
 - verkefnisstyrkur, Búðareyrarsýningin, 2,0 milljónir.
 - verkefnisstyrkur, frumhönnun nýrrar grunnsýningar á Lónsleiru, 1 milljón.
 - verkefnisstyrkur, forvarsla kafarabúnings, 800 þúsund.
 - aukaúthlutun 2022, styrkur vegna stafrænna kynningarmála, 300 þúsund og símenntun, farskóli 2023, 300 þúsund.
- Uppbyggingarsjóður Austurlands
 - Viðskiptaáætlun, 750 þúsund.
 - Búðareyrarsýningin, 1,9 milljón.
- Hvatassjóður Seyðisfjarðar
 - Markaðssetning skemmtiferðaskipa, 1 milljón.
 - Standsetning varðveisluhúsnæðis, 2 milljónir.
- Húsafriðunarsjóður, Vélsmiðjan, utanhússviðgerðir, lagfæringar á ytra byrði, 2 milljónir.
- Menningarstyrkur Múlaþings, 250 þúsund, fyrir lukkuhjóls hluta Búðareyrarsýningarinnar.

Í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fékk safnið einnig 19 milljóna styrk til hönnunar nýs safnasvæðis árið 2022 sem fluttist að mestu yfir á 2023 og verður verkefnið klárað á árinu 2024.

Tekið er hér fram að aðskilja þarf að mestu grunnrekstur frá uppbyggingu Angró enda er það verkefni sér fjármagnað þótt starfmenn safnsins, sérstaklega safnstjórar, komi að hönnunarfasa þess, fjármögnun og framkvæmd.

ÁÆTLUN 2024

Skýring: * merkir óstaðfesta styrki	Rekstur		Verkefni	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Tekjuliðir reksturs				
Múlaping		15.000.000		
Opinber rekstrarstyrkur - Fjárlaganefnd*		15.000.000		
Endurgreiðsla launa vegna allir vinna og vinnusamningur öryrkja		4.200.000		
Aðgangseyrir að safni / vörusala		3.000.000		
Aðgangur skemmtiferðaskipahópa		2.400.000		
Launatengdir liðir				
Laun og launatengd gjöld	34.420.000			
Ýmis aðkeypt vinna verktaka og sérfræðinga	800.000			
Húsnæðiskostnaður				
Tryggingar	400.000			
Rafmagn	1.080.000			
Fasteignagjöld	600.000			
Ræsting / rekstarkostnaður húsnæðis	560.000			
Ýmis rekstrarkostnaður				
Annar kostnaður	500.000			
Endurskoðun og reikningsskil	1.800.000			
Ferða og fundakostnaður	400.000			
Flutningskostnaður	250.000			
Kynningarmál	600.000			
Námskeið og kynningar	500.000			
Rekstrarkostnaður skrifstofu / Viðhald skrifstofubúnaðar	100.000			
Rekstur ýmissa tölvukerfa	480.000			
Símakostnaður / internet	300.000			
Félags- og leyfisgjöld / Tölvubúnaður og sími	450.000			
Vaxtakostnaður og fjálmagnsgjöld	50.000			
Verkfæri og áhöld / Viðhald sýninga	850.000			
Viðburðir	400.000			
Verkefni				
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Hönnun nýs safns			9.000.000	9.000.000
Uppbyggingarsjóður Austurlands - Grunnkýningar*			2.000.000	3.000.000
Uppbyggingarsjóður Austurlands - Ný sýning Lónsleiru*			400.000	800.000
Uppbyggingarsjóður Austurlands - Fræðsluverkefni*			750.000	750.000
Safnasjóður - Grunnkýningar*			3.000.000	4.000.000
Safnasjóður - Skráning safnmuna og ljósmyndun þeirra*				2.000.000
Safnasjóður - Vef og samfélagsmiðlar*				300.000
Safnasjóður - símenntun*			250.000	300.000
Húsafriðunarsjóður*			1.800.000	2.000.000
Samtals	44.540.000	39.600.000	17.200.000	22.150.000
Tekjur alls		61.750.000		
Kostnaður alls		61.740.000		
Rekstrarniðurstaða		10.000		

